

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 188/2018

2021/EES/15/16

frá 21. september 2018

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/978 frá 9. júlí 2018 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1223/2009 um snyrtivörur ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 27.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1223/2009) í XVI. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32018 R 0978:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/978 frá 9. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 3), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 27.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2018/978, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 183, 19.7.2018, bls. 27, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 22. september 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 21. september 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 176, 12.7.2018, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.